

6. fundur fræðslunefndar ársins 2011 vegna Undralands, haldinn 26. september 2011 í leikskólanum, kl. 16:00. 9. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri, Hanna Björk Grétarsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Inga Jóna Hjaltadóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Ársskýrsla og starfsáætlun.**
- 3. Starfsmannamál.**
- 4. Skólaþing og stefnumótun**
- 5. Fulltrúi Undralands í undirbúningi stefnumótunar og skólaþings.**
- 6. Ný aðalnámskrá leikskóla.**
- 7. Önnur mál.**

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- ✓ Fyrri hluti september fór í undirbúning fyrir réttir, börnin sköpuðu réttirnar og kindurnar bæði í formi kubba og myndverka. Nú eru börnin ásamt hópstjórum í vettvangsferðum að safna að sér gulli úr náttúrunni, gróðurinn er farinn að sýna annan lit og er kjörið söfnunarefni sem nýtist okkur í vetur.
- ✓ 1.bekkur kom í september að taka upp kartöflurnar með okkur og var uppskeran mun betri en hefur verið síðastliðin ár. Snillingar og 1.bekkur fóru svo saman að skoða byggðasafnið í Gröf sl. mánudag.
- ✓ Við tókum þátt í uppskeruhátíðinni í ár og var félagsheimilið skreytt með myndverkum barnanna. Við fengum mörg jákvæð viðbrögð að myndirnar hefðu lífgað upp á og hvað þær væru skemmtilega útfærðar.
- ✓ Lilja á Grafarbakka hefur gefið okkur reglulega fulla poka af gulrótum og hnúðkáli sem rennur ljúft í litla kroppa og færum við henni bestu þakkir fyrir.
- ✓ Við fórum í haustferð inn í Tungufellsdal og lukkaðist sú ferð mjög vel. Þar voru tínd ber, við borðuðum nesti og svo fengu börnin að sulta aðeins í Dalsá sem vakti mikla kátínu. Eitt barnið hafði þessi orð um ferðalagið „þetta er það dásamlegasta sem fyrir mig hefur komið í lífi mínu“. Enda skemmtileg ferð.
- ✓ Það var líf og fjör á dýradaginn og fengum við þó nokkuð af lifandi dýrum til okkar, það voru sex hundar, einn köttur og einn hamstur sem komu í heimsókn svo voru ótal útfærslur af tusku- og leikfangadýrum.
- ✓ Freyja fór á Hljóm-2 námskeið og er búin, í framhaldi af því, að taka elsta árganginn í Hljóm-2 próf. Niðurstöðurnar voru frekar sláandi og komu börnin mjög illa út. Foreldrum voru kynntar niðurstöðurnar og fengu verkefni og hugmyndir af þjálfunarleikjum fyrir börnin, í leikskólanum leggjum við enn meiri áherslu á rím og leiki með málið og vonumst við til þess að börnin sýni góðan árangur í janúar þegar prófið verður lagt fyrir þau að nýju.
- ✓ ART-þjálfun er kominn á fullt skrið og eru börn í 2007 árgangi komin vel af stað í 12 vikna þjálfun. Elstu börnin, Snillingarnir, eru í ART upprifjun einu sinni í viku og verða í allan vetur. Við erum mjög ánægðar með ART-ið og hefur það skilað góðum árangri í samskiptum barnanna á milli.
- ✓ Í þessari viku verður brunaæfing og ætlum við að taka tímann á rýmingu leikskólans. Starfsfólk verður viðbúið í vikunni en fær ekki tilkynningu hvaða dag eða hvenær dagsins æfingin verður.
- ✓ Haustþing 8. deildar FL og FSL verður í október og eru margir spennandi fyrirlestrar í boði og munum við eiga fulltrúa á öllum nema einum.

- ✓ Á fagfundum stjórnenda höfum við verið að lesa nýju Aðalnámskrána og stefnum við á að endurskoða skólanámskrána okkar í samræmi við hana strax næsta haust.
- ✓ Við ætlum að prófa eina nýjung í október sem er starfsmannaspjall, þar spjallar leikskólastjóri við starfsmenn um líðan í vinnunni, hvað gengur vel og hvað ekki.
- ✓ Ömmu- og afakaffi verður svo í október og fer undirbúningur fyrir þann dag að hefjast með spjalli um það hvað ömmur og afar gera og myndverkum tileinkuðum þeim.

2. Ársskýrsla og starfsáætlun.

Farið var yfir efni ársskýrslunnar fyrir síðasta skólaár og starfsáætlunina fyrir yfirstandandi skólaár. Fræðslunefnd samþykkir ársskýrsluna og starfsáætlunina sem birtar verða á heimasíðu leikskólans.

3. Starfsmannamál.

Leikskólastjóri fór yfir stöðu mála. Senn líður að því að einn deildarstjóri fari í fæðingarorlof. Starfsmaður á viðkomandi deild hefur tekið að sér deildarstjórastöðuna. Því þarf að ráða nýjan starfsmann í 100% stöðu og einnig vegna þess að starfskraft vantar eftir hádegið við afleysingar á undirbúningi annarra starfsmanna.

Undir þessum lið var tekin fyrir umsókn Hönnu Bjarkar sem sækir um launalaust leyfi í 6 mánuði, eftir lok 12 mánaða fæðingarorlofs. Fræðslunefnd samþykkir umsóknina.

4. Skólaþing og stefnumótun.

Formaður fór yfir stöðu mála. Sveitastjórar í báðum sveitarfélögum sem tengjast Flúðaskóla hafa rætt málið og var niðurstaða þeirra jákvæð. Næsta skref er að leita tilboða hjá ráðgjafafyrirtækjum til að koma að verkefninu.

5. Fulltrúi Undralands í undirbúningi stefnumótunar og skólaþings.

Samþykkt að leikskólastjóri verði fulltrúi leikskólans í undirbúningnum.

6. Ný aðalnámskrá leikskóla.

Leikskólastjóri lagði fram til kynningar nýja aðalnámskrá fyrir leikskóla. Helstu breytingarnar eru þær að námsþættir í fyrri aðalnámskrá sem hétu "Hreyfing-Myndsköpun-Tónlist-Náttúra og umhverfi og Menning og samfélag" eru nú undir námshlutanum "Samþætt og skapandi leikskólastarf". Þeim hluta er skipt í "Læsi og samskipti – Heilbrigði og vellíðan – Sjálfbærni og vísindi og Sköpun og menning". Aðalnámskrána má nálgast á heimasíðu Mennta- og menningamálaráðuneytisins.

7. Önnur mál.

- a. **Sérkennsla.** Ljóst er að auka þarf hlutfall sérkennslu tímabundið sem nú er 10% í 20% þar sem nokkur tvítýngd börn þurfa aukna aðstoð, en færni þeirra í íslensku máli er ekki nægjanlega mikil.

Fleira var ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.00.